

Norræn kvikmyndaverðlaun árið 2005

Ráðherrar menningarmála á Norðurlöndum samþykktu á fundi sínum í Kaupmannahöfn þann 24. mars sl. að stofna til norræna kvikmyndaverðlauna og verða þau afhent í fyrsta skipti á þingi [Norðurlandaráðs](#) árið 2005. Heiti verðlaunanna verður *Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs*. Verðlaunaupphæðin verður sú sama og annarra menningarverðlauna Norðurlandaráðs eða 350 þúsund danskar krónur. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, stjórnáði fundi norrænu menningarmálaráðherra en Ísland fer nú með forystuna innan Norðurlandaráðs.

Myndirnar hafi rætur í norrænni menningu

Töluverðar umræður urðu á fundinum um það hvaða skilyrði bæri að setja fyrir því að tilnefna mætti kvikmynd til verðlaunanna. Ekki síst var rætt hvort setja bæri það skilyrði að kvikmynd



F.v: Menningamálaráðherrar Danmerkur, Grænlands, Noregs, Íslands, Færeyja og Svíþjóðar.

yrði að vera á norrænu tungumáli. Taldi meirihluti ráðherra að varasamt gæti verið að setja slíkt skilyrði en hins vegar væri það ófrávikjanlegt skilyrði að kvikmyndir, sem tilnefndar væru til verðlaunanna, hefðu sterkar rætur í norrænni menningu.

„Þetta er mikilvæg ákvörðun.

Menningarverðlaun Norðurlandaráðs hafa í gegnum árin orðið til að efla áhuga á samnorrænni menningu og samkennd norræna listamanna. Kvikmyndalitin er sú listgrein er verið hefur í hvað örustum vexti á undanförunum áratugum og þar stöndum við Íslendingar mjög framarlega. Ég tel tímabært að kvikmyndalitin verði gert hærra undir höfði á hinum norræna vettvangi og vona að *Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs* muni gegna þar mikilvægu hlutverki“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.



Menntamálaráðherra heimsótti Þjóðminjasafnið nýverið. Þar skoðaði hún framkvæmdir við safnahúsið við Suðurgötu auk þess að funda með starfsfólki safnsins.

Framkvæmdum við Þjóðminjasafn fulllokið síðsumars

Byggingarnefnd Þjóðminjasafns hefur í samvinnu við Þjóðminjavörð og [Framkvæmdasýslu ríkisins](#), að beiðni menntamálaráðuneytis, unnið að endanlegri áætlun sem tekur til kostnaðar og vektíma með það sem markmið að framkvæmdum við Þjóðminjasafnið verði lokið síðsumars. Framkvæmdakostnaður var áætlaður fyrir ári og fjárframlög þessa árs taka mið af þeirri áætlun. Endurskoðuð áætlun leiðir í ljós að fjárförf hefur aukist vegna hækkunar á kostnaði við grunnsýningu og loftræstikerfi og hins vegar vegna kostnaðar við aukaverk og ófyrirséða verkþætti. Einnig var ákveðið að innrétta turnbyggingu safnahússins á þessu ári en ekki var gert ráð fyrir því í fyrri áætlun. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum nú í vikunni að veita aukafjárveitingu til verksins þannig að unnt verði að ljúka að fullu framkvæmdum við Þjóðminjasafn Íslands áður en húsið verður tekið í notkun á ný á hausti komandi.

Ráðstefna um þróun símenntunar á Íslandi og í Evrópu

Ráðstefna um símenntun á Íslandi og kynning á áherslum [Evrópusambandsins](#) í málefnum símenntunar verður haldin í Hátíðarsal

Háskóla Íslands föstudaginn 26. mars n.k. Á ráðstefnunni verður fjallað um aðgengi og mat á formlegu og óformlegu námi annars vegar og þróun og fjármögnun símenntunar hins vegar.

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytis, mun setja ráðstefnuna en Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, fer með fundarstjórn. Fjöldi erlendra og innlendra fyrirlesara mun taka þátt í ráðstefnunni. Tveir vinnuhópar hafa verið að störfum undanfarna vikur að undirbúningi ráðstefnunnar og verða niðurstöður þeirra kynntar.

Ráðstefnan er styrkt af Evrópusambandinu en að henni standa menntamálaráðuneyti, [Rannsóknabjónusta Háskólans](#), [Alþýðusamband Íslands](#), [Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#) og [Samtök atvinnulífsins](#). Dagskrá, kynning á fyrirlesurum og skráningarform eru á vef [Rannsóknabjónustunnar http://www.rthj.hi.is](http://www.rthj.hi.is). Aðgangur er ókeypis.

Fyrsta samræmda stúdentsprófið

Fyrsta samræmda stúdentsprófið verður haldið í íslensku þann 3. maí næstkomandi og eru 531 nemendur skráðir til próftöknunar. Nemendum er ekki skylt að taka samræmt stúdentspróf í ár.

Tilgangur samræmdra stúdentsprófa er m.a. að veita nemendum, framhaldsskólum og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um námsárangur nemenda og námsstöðu í þeim námsgreinum þar sem haldin eru samræmd stúdentspróf. Jafnframt er tilgangur prófanna að veita viðtökuskólum upplýsingar um námsstöðu einstakra nemenda.

Námsmatsstofnun sér um framkvæmd samræmdra stúdentsprófa fyrir menntamálaráðuneyti, þ.e. samningu prófanna, fyrirlögn og úrvinnslu og mun stofnunin gefa út heildaryfirlit yfir niðurstöður prófanna.

Samræmd stúdentspróf eru yfirlitspróf sem miðast við námsmarkmið í kjarna viðkomandi námsbrautar, sbr. [aðalnámskrá framhaldsskóla](#). Þau eru hluti af skilgreindum námslokum til stúdentsprófs.

Ekki áður fleiri nemendur í skyldunámi á Íslandi

Í fyrsta hefti nýrrar ritraðar [Hagtíðinda](#) árið 2004 má finna margvíslegar upplýsingar um nemendur grunnskóla á árinu 2003. Nemendur í skyldunámi voru 44.809 haustið 2003 og hafa ekki áður verið fleiri nemendur í skyldunámi á Íslandi. Hins vegar má gera ráð fyrir að nemendum á grunnskólastigi fari fækkandi næstu árin vegna fámennari yngri aldurshópa. Frá fyrra ári var hlutfallsleg fjölgun nemenda mest á Austurlandi, eða 2%. Í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur fjölgaði nemendum um 1,7% og um 1,3% á Suðurlandi. Á öðrum landssvæðum fækkaði nemendum og var hlutfallsleg fækkun mest á Norðurlandi vestra, eða 2,7%. Nemendum á hvern kennara hefur fækkað síðustu ár og voru 11 nemendur á hvern kennara í fullu starfi haustið 2003. Áætlaður meðalfjöldi nemenda í bekkjardeild var á sama tíma 17,8 nemendur.

Nemendum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað ár frá ári og voru þeir alls 1.340 eða 3% grunnskólanemenda. Flestir nemendanna hafa pólsku að móðurmáli, eða 191. Næstflestar hafa ensku að móðurmáli, 157 talsins. Filippseysk mál eru töluð af 129 nemendum og 108 nemendur tala serbókróatísku.

Skólaárið 2003-2004 eru 187 grunnskólar starfandi í landinu og fækkaði þeim um fimm frá árinu áður og um níu frá haustinu 1998. Fjölmennasti grunnskóli landsins er Vallaskóli á Selfossi með 914 nemendur, en fámennasti skólinn Grunnskóli Mjóafjarðar með fimm nemendur. Allir grunnskólar landsins, að einum undanskildum, eru nú einsetnir. Nánari upplýsingar er að finna á [vef Hagstofunnar](#).

